

5. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlenda eða gengistryggða láni, sem hann er veitur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftár áður en útborgun fer fram.

6. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

7. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslureikning Fiskveiðasjóðs sbr. 3. gr.

8. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim, styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu og gengistryggðu lána, ellegar greiða skipeiganda fjárhæðina.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1978.

Matthías Bjarnason.

Kristín Magnússon.

REGLUR

um grandaraspil, öryggisbúnað við línu og netaspil og radarspegla á opnum bátum.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

2. gr.

Öryggisbúnaður við línu og netaspil.

Á fiskiskipi, 15 brl. og stærri, sem búin eru línuspili til línu- og/eða netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að spilið stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að spilkoppnum með veiðarfærunum. Stjórnlokar slíkra spila skulu þannig úr garði gerðir, að ekki þurfi að snúa handfangi þeirra úr lokunarstöðu meira en 90° til hvorrar handar, eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

3. gr.

Radarspeglar.

Opnir bátar skulu búnir radarspeglum úr málmplötum. Skulu þeir vera að minnsta kosti 25 cm að þvermáli.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 382 20. des. 1973, um grandara- og línuspil.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

15. júní 1978.

Nr. 237.

REGLUGERÐ

**um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði
Vörubílstjórafélags Ísfirðinga.**

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, en það nær yfir Ísafjörð, Bolungarvík og Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, Vinnuveitendasambands Vestfjarða, bæjarstjórnar Ísafjarðar, bæjarstjórnar Bolungarvíkur og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld til leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Ísfirðinga viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en þó þannig að hlutfall félagsmanna milli Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Norður-Ísafjarðarsýslu raskist eigi verulega frá því sem verið hefur.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.